

NES FRÉTTIR

SEPTEMBER 2015 • 9. TBL. • 28. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Þriðja bæjarhátíð Seltjarnarnes var haldin síðustu helgina í ágúst. Myndin var tekin í grillveislu sem haldin var í tilefni hátíðarinnar. Sjá nánar á bls. 2.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

græn heilsa
lífræn heilsuverslun

Ægisíða 121
facebook.com/grænheilsa

Í ALFARALEIÐ

20 AÐALMÆLI
SÁMUNINGA
SÍÐSKOÐUN

Aðalskoðun

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



**Hafðu bankann
með þér**



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Að kunna að lesa

Seltirningar ætla ekki að vera eftirbátar annarra í að fylgja eftir því lestrarátaki sem nú er að fara af stað í landinu. Eftir að fréttir bárust um að hluti ungmenna – einkum drengja gætu ekki lesið sér til skilnings og gagns hefur verið brugðist við á landsvísi. Í spjalli við Baldur Pálsson fræðslustjóra á Seltjarnarnesi hér í blaðinu er rakið fyrir hverju Seltjarnarnesbær hyggst standa í tilefni þessa átaks. Þar kemur fram að mikilvægur hluti þessa verkefnis sé að efla meðvitund foreldra um lestrarhæfni barna sinna. Að þessu leyti verða yfirvöld ríkis og sveitarfélaga að standa saman og einnig skólar, foreldrar og aðrir uppallendur barna. Vart má til þess hugsa að á þeim tímum þegar menntun skiptir meira máli en áður að hluti fólks kunni ekki að lesa. Með því væri verið að skapa undirmálsstétt í landinu sem ætti sér erfitt uppráttar svo ekki verður meira sagt.

Hugmyndir um Safnahúsið

Menningarmálanefnd Seltjarnarnessbæjar hefur lagt þá hugmynd fram að safnahúsið við Nesstofu sem ætlað var læknin-gaminjasafni verði að menningarsetri á Seltjarnarnesi og að bókasafn bæjarfélagsins verði hluti af þeirri menningarstarfsemi sem þar gæti farið fram. Framtíð hússins er um margt viðkvæmt mál. Það stendur á viðkvæmum stað á Nesinu sem getur rýrt notagildi þess að einhverju leyti. Um sölu á því er vart að ræða í bráðina því spurning er um hvaða fjárfestar myndu leggja fé í bygginguna nema að hugmyndir um starfsemi liggja fyrir. Spurningu verður einnig að setja við hugmynd menningarmálanefndar. Varhugavert er að flytja bókasafnið og þá menningarstarfsemi sem þar er að þróast af Eiðistorginu – úr miðbæjarkjarna Seltjarnarness út á Nesstofutún. Jafn nauðsynlegt og það er að finna húsinu hlutverk er það að sama skapi erfitt.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS



Frisbee-golfmót var haldið á Válhúsaheð.

Fjölbreytt bæjarhátíð á Nesinu

Bæjarhátíð Seltjarnarness fór fram síðustu helgina í ágúst og stóð yfir frá 27. ágúst til 30. ágúst. Hátíðin hefur verið að vaxa undanfarin ár en þetta er í þriðja skiptið sem hún er haldin. Bæjarbúar áttu upphaflega þá hugmynd að búa til viðburð í lok ágúst sem allir í bæjarfélaginu gætu tekið þátt í og myndi ýta undir bæjaranda. Það hefur svo sannarlega tekist og má gera ráð fyrir að þetta sé hefð sem er komin til með að vera.

Dagskráin í ár var fjölbreytt til að sem flestir gætu fundið sér eitthvað við hæfi. Hátíðin hófst á með listsýningu í Gallerí Gróttu í Bókasafni Seltjarnarness. Síðar um kvöldið voru stórglæsilegir latin-jazz tónleikar með Tómasi R. Einarssyni og Bógómíl Font fremsta

í fararbroddi. Á föstudeginum stóð til að halda brekkusöng í Plútóbrekku sem var því miður aflýst vegna veðurs. Við Nesbúar ættum að vita betur að hér blæs inn á milli og því verður varaplan á næsta ári ef veður leikur okkur grátt. Einnig var sunnlaugarparty á föstudeginum fyrir fjölskyldufólk.

Á laugardegnum hófst dagskrá snemma um morgun með hjólréiðaferð með Bjarna Torfa og TKS stóð fyrir skokki. Gróttudagurinn sem er kynningardagur fyrir starfsemi félagsins var á Vivaldi-vellinum við Suðurströnd. Seinna um kvöldið voru hverfahátíðir, frisbee-golfmót, listsýning og í lok kvölds Stuðball í Félagsheimili Seltjarnarness. Hátíðinni lauk svo með sunnudagsmessu Séra Bjarna Bjarnasonar í Seltjarnarneskirkju.



Rauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

flóru matur



Nesbúinn



Ætti ekki Safnahúsið út við Nesstofu að verða stjórnskoðunarstöð?

Ekki vitað hvort tafir verða

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi segir enn ekki vitað hvort tafir verði við byggingu Hjúkrunarheimilis á Nesinu vegna fornminja sem fundist hafa á fyrirhuguðu byggingasvæði.

Málið er til skoðunar hjá Minjavernd Íslands en Seltjarnarnesbær fól Fornleifastofnun Íslands að taka svæðið út þar sem talið var að það varðveiti mannvistarleifar. Rannsóknir standa enn yfir og ekki útséð á þessari stundu hvenær þeim lýkur.



TILKYNNING TIL BÆJARBÚA

Íbúar athugið að í lok september hefst vinna við dælustöðina í Lambastaðahverfi og um hálfum mánuði síðar hefst vinna við endurnýjun lagna sunnan megin við Nesveg, nánar til tekið frá húsnúmerum 101-121.

Gera má ráð fyrir að framkvæmdirnar taki hátt á annan mánuð. Beðist er velvirðingar á röskun á umferð sem vinnan kann að hafa í för með sér.

Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðu bæjarins þegar nær dregur.



Útfarar- og lögfræði- þjónusta

Önnust alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri Þorsteinn Elísson útfararþjónusta Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri Rósa Kristjónsdóttir útfararstjóri



Gudmundur Baldvinsson útfararþjónusta Jón C. Bjarnason útfararþjónusta Ellert Ingason útfararþjónusta Katta Þorsteinsdóttir lögfræðiþjónusta Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



MENNINGARVEISLA HELGINA 15.-18. OKTÓBER

Helgi Hrafn Jónsson bæjarlistamaður
og Tina Dickow ásamt hljómsveit

í Félagsheimilinu laugardaginn 17. október kl. 21.
Takmarkaður miðafjöldi. Sala á tix.is.

Opnunaráttíð í sýningarýminu í Nesi

Taktur í 100 ár - Litið er aftur og fram um 100 ár í Gallerí Gróttu


Hátíðardagskrá um Jennu Jens

Blönduð tónleikadagskrá

Lúðrasveitin í sparibúningi - Popp Quiz - Afmælskaffi og morgunhlaup TKS - Bach fyrir börnin
- Umræða um unglingsbækur - Utangarðsbörn Mary Ellen Mark - Seltjarnarneskirkja með sýningu og fleira
- Systrasamlagið - Grunnskólabörn - Félagsstarf aldraðra - Kórar - Hugleiðsla með Nýjalandi og Friðriki Karlssyni og margt, margt fleira.

Menningarnefnd Seltjarnarness

Nánari dagskrá á seltjarnarnes.is

15.10.15 - 18.10.15
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS 

Lestraráttakinu verður fylgt eftir á Seltjarnarnesi

...segir Baldur Pálsson fræðslustjóri

Læsi og lestrarkennsla eru helsta umræðuefni á vettvangi skólamála þetta haustið. Við skólabyrjun undirrituðu Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Þjóðarsáttmála um læsi við hátiðlega athöfn í Valhúsaskóla og þann 8. september var haldið var upp á alþjóðlegan dag læsis. Nesfréttir áttu spjall við Baldur Pálsson fræðslustjóra á Seltjarnarnesi á dögnum.

Fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar kvaðst Baldur fagna frumkvæði ráðherra að því átaki sem hér er ráðist í á landsvísu, því betur megi ef duga skal. „Við munum taka fullan þátt í verkefninu og strax nú á haustdögum hefist hjá okkur verkefnið Læsi er lykilatriði. Stjórnendur Grunnskóla Seltjarnarness, Leikskóla Seltjarnarness, Skólaskrifstofu Seltjarnarnesbæjar og Bókasafns Seltjarnarness hafa fyrir hönd



Baldur Pálsson fræðslustjóri á Seltjarnarnesi.

viðkomandi stofnana sammælt um þetta samstarfsverkefni og með því verður meðal annars unnið að þeim markmiðum sem sett eru í Þjóðarsáttmála um læsi.“

Læsi er lykilatriði

Baldur segir að verkefninu

sé fyrst og fremst ætlað að efla lestrargetu barna og ungmenna og bæta árangur nemenda í læsi. „Það gengur m.a. út á að auka samfellu í lestrarnámi í leik- og grunnskóla og efla samstarf um lestrarnám á milli skólastiga. Unnið verður að því að efla faglega þekkingu kennara og

starfsfólks í leik- og grunnskóla á lestrarfræðum og raunprófuðum aðferðum í lestrarkennslu. Unnin verður heildstæð áætlun um skimanir á leik- og grunnskólastigi, sem hafa forspárgildi fyrir lestrarvanda hjá skólabörnum frá 1. og upp í 10. bekk, og hvernig brugðist verður við niðurstöðum þeirra.“

Heildstæð lestrar- og læsisstefna

Ætlaður afrakstur verkefnisins er heildstæð lestrar- og læsisstefna fyrir Seltjarnarnesbæ, segir Baldur, sem tekur til aðkomu framangreindra aðila, auk áætlunar um hvernig fá megi foreldra leik- og grunnskólabarna til aukinnar samvinnu um lestrarnám þeirra. „Veigamikill hluti verkefnisins er að efla meðvitund foreldra um mikilvægi ákveðinna vinnubragða til að efla lestrarfærni barna. Í

Öll rúnstykkki á

80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

stefnunni verður lögð áhersla á að auka samstarf skólastofnana við Bókasafn Seltjarnarness og efla þannig virkan stuðning safnsins við lestrarnám barna á Seltjarnarnesi. Aðkoma Skjólaskjólís verður sérstaklega skilgreind, hvað varðar læsi, og lögð verður áhersla á að nýta tækifæri sem felast í góðri samvinnu grunnskólans og Skjólísins.

Byggt á góðum grunni

Á haustdögum 2014 var rætt við alla kennara grunnskólans á árgangafundum um lestur og læsi, árangur skólans á þessu sviði og mikilvægi úrbóta. Baldur segir mikilvægt að styrkja kennara einnig í notkun fleiri kennsluáferða til að tryggja fjölbreytta nálgun í kennslunni. „Mælingar á lestrarargetu og lesskilningi sýna að of margir nemendur eiga enn í lestrarvanda á mið- og unglingastigi. Því er mikilvægt að fara yfir lestrar- og læsismálin í heild sinni allt frá því að börn hefja leikskólagöngu og þvert á námsgreinar í grunnskólanum með hag nemenda að leiðarljósi og gera hagnýta áætlun sem sést í framkvæmd innan leik- og grunnskóla.

Hlutverk foreldra - 365 dagar

Starfstími leik- og grunnskóla er takmarkaður á ári hverju og aðkoma foreldra og forráðamanna að lestrar- og læsismámi barna er því afar mikilvæg allt árið um kring. Baldur segir að markviss fræðsla til foreldra um þróun málþroska, hljóðkerfisvitund, grunnþætti lesturs, lestu, lesskilning, málörvun og þjálfun hljóðkerfisvitundar sé hugsuð sem hluti af verkefninu. „Í allri fræðslu til handa foreldrum verður gengið út frá þeim áherslum sem unnið er eftir í leik- og grunnskóla og stuðst við ráðgjöf frá sama fagfólki og leiðbeinir starfsfólki skólanna.“ Stefnt er að því að foreldrar leikskólabarna fái reglulega fræðslu og ráðgjöf um málörvun og bernskulæsi og að foreldrum grunnskólabarna bjóðist fræðsla um hvernig þau geta stutt við lestrar- og læsismámi og segir Baldur að áætlun um fræðslu til handa foreldrum verði unnin í samráði við foreldrafélög skólanna.

Bókasafnið - hluti af daglegu lífi

Bókasafn Seltjarnarness er mikilvægur samstarfsaðili í verkefninu og ætlunin er að auka samstarf stofnana innan bæjarins í því skyni að styðja enn frekar við lestrarnám og stuðla að bættu læsi. Baldur segir markmiðið sé að auka heimsóknir barna og ungmenna á safnið, m.a. með reglubundnum og

skipulögðum heimsóknum þeirra þangað. Með því verði stuðlað að auknum lestri barna og ungmenna almennt, ekki síst utan starfstíma skólanna. „Þá verður lögð áhersla á að kynna safnkostinn með þeim hætti að börn velji og kynni bækur fyrir börnum og unglingar að sama skapi fyrir jafnöldrum sínum. Auk þess verður áfram boðið upp á Sumarlestur en það er verkefni sem hefur það að markmiði að viðhalda og auka lestrarfærni barna yfir sumartímann.

Fagfólk og stuðningur

Skólaskrifstofan hefur með höndum að tryggja skilvirka stoðþjónustu til handa nemendum leik- og grunnskóla og aðgengi starfsfólks að kennslufræðilegri ráðgjöf. Það er einnig hlutverk skólaskrifstofu að styðja við símenntunaráætlanir skólanna, m.a. með því að skapa starfsfólki tækifæri til að afla sér fræðslu. Þá er hvort tveggja um að ræða að hópar starfsfólks geti sótt námskeið og að einstaklingar geti aukið við sérþekkingu sína, sem og að bjóða foreldrum og forráðamönnum leik- og grunnskólabarna, eins og áður er getið, upp á faglega fræðslu.

BÆJARFULLTRÚAR SELTJARNARNESBÆJAR BJÓÐA ÍBÚUM UPP Á VIÐTALSTÍMA

Bæjarfulltrúar Seltjarnarnesbæjar bjóða íbúum upp á viðtalstíma á eftirfarandi tímum á Bókasafni Seltjarnarness frá klukkan 17.00-19.00.

Þriðjudaginn 27. október kl. 17-19

Margrét Lind Ólafsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Þriðjudaginn 17. nóvember kl. 17-19

Bjarni Torfi Álfþórsson
Árni Einarsson

Fimmtudaginn 3. desember kl. 17-19

Magnús Örn Guðmundsson
Guðmundur Ari Sigurjónsson



Valið besta heilsuefnið

Lífrænt



Best Health Supplement - Overall Wellbeing

www.thebeautyshortlist.com

Dagleg græn upplýfting. Heilnæmt fæði, hámarks upptaka og nýting á næringarefnum.

Spirulina, Chlorella & Barleygrass

- Hreinsar líkamann, bætir andadrátt og líkamslykt, fegrar og frískar húðina
- Bætir meltingu, gerir líkamann basískan, kemur á réttu pH gildi
- Yfir 100 lífræn næringarefni sem gefa orku, einbeitingu og vellíðan

Lifestream framkvæmir þrefaldar næringarprófanir; við uppskeru, eftir framleiðslu og að lokum með vottun frá óháðri prófunarstofu.

120 hylki.

Fæst í apótekum, Hagkaup, Krónunni, Grænni heilsu, Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup.

 **lifestream**
hrein lífræn næring

Stjörnufans á Menningarhátíð Seltjarnarness í október

Eins gott er að vera snöggur að bregðast við þegar miðar á tónleika Seltirninganna Helga Hrafn Jónssonar bæjarlistamanns 2015 og eiginkonu hans Tinu Dickow, hinnar dáðu, dönsku söngkonu og lagaskálds fara í sölu síðar í þessum mánuði. Með þeim koma fram tónlistarmenn sem hafa fylgt þeim á tónleikaferðalagi um Evrópu frá síðasta hausti en saman hafa þau leikið fyrir um 300.000 áhorfendur. Í ágúst síðastliðnum komu hópurnir fram í Tívoli og lék þar fyrir 25.000 áheyrendur.

Tónleikarnir Helga og Tinu eru einn af hápunktum Menningarhátíðar Seltjarnarness sem fram fer fimmtudag til sunnudags, 15. til 18. október. Tónleikarnir verða haldnir í Félagsheimili Seltjarnarness laugardaginn 17. október kl. 21. Að sögn Soffíu Karlsdóttur sviðsstjóra menningarsviðsins er um stórvíðburð að ræða, en Helgi og Tina hafa til þessa afþakkað nánast öll boð um tónleikahald á Íslandi og munu sökum anna ekki koma fram á Íslandi á næstu misserum. "Miðasalan fer í gang á vefnum síðar í september og verður hún rækilega kynnt þegar þar að kemur", segir Soffía. "Hátíðin mun að miklu leyti hverfast um bæjarlistamanninn okkar, sem eins og menn muna, lét af einstöku örlæti sínu verðlaunaféð renna til lúðrasveitar Tónlistarskóla Seltjarnarness."

Opunarhátíð í sýningarrýminu í Nesi

„Auk tónleikanna verður vegleg opunarhátíð í sýningarrýminu í Nesi, áður Lækningsaminjasafninu, þar sem Helgi sýnir nýja, magnaða málverkaseríu með vídeóverki, en dansari frá Berlín málaði strigann með danshreyfingum um strigann og verður stíliseruð upptaka af gerð verksins sýnd á vídeó og einnig málverk in sjálf. Dansarinn verður viðstaddur opunarhátíðina og flytur þar við annan mann dansverk undir frumsaminni tónlist Helga Hrafn. Við tónlistarflutninginn fær Helgi til liðs við sig kunna tónlistarmenn sem flytja tónlistina live



Seltirningarnir Helgi Hrafn Jónsson bæjarlistamanns 2015 og eiginkonu hans Tina Dickow, söngkona og lagaskáld.

á staðnum. Þar með er ekki öll sagan sögð því í kjallaranum frumsýnir Helgi sína fyrstu stuttmynd, sem hann vann með dönskum félögum sínum, sem einnig verða viðstaddir."

Kappsmál að virkja hæfileika bæjarbúa

Soffía segir að henni sé það kappsmál að virkja hæfileika og krafta bæjarbúa á hátíðinni. "Hér leynist ótrúlega mikill fjársjóður í ólíkum listamönnum og áhugafólki og þá hef ég reynt að virkja," segir hún. "Haldin verður hátíðardagskrá um einn elsta og dáðasta Seltirninginn okkar hana Jennu Jens þar sem fram koma miklar kanónur sem Jenna hefur haft áhrif á með einum eða öðrum hætti. Einnig verða allar fánlegar bækur Jennu til sýnis á bókasafninu og þar er úr meiru en barnabókum að moða. Tónlistarparið og Seltirningarnir Björg Þórhallsdóttir og Hilmar Örn Agnarsson standa að skipulagningu stórtónleika í kirkjunni þar sem tónlistarfólk af Nesinu kemur fram ásamt gestum úr nágrennabyggðarlögum en tónleikarnir spanna allt tónlistarlitrófið. Þarna verða kórar og sólistar og allt þar á milli með prógramm sem enginn verður svikinn af. Frá síðustu áramótum hefur Sigurlaug Arnardóttir menningarmiðlari verið að

vinna að stóru sýningarverkefni í Gallerí Gróttu undir yfirskriftinni Taktur í 100 ár. Sýningin er unnin í samstarfi við nemendur og kennara í Való og félagsstarf eldri borgara með áherslu á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Þar fáum við m.a. að sjá hvernig raunverulegur klæðnaður konunnar verður eftir 100 ár. Nemendurnir hönnuðu og hannyrðadeild félagsstarfsins saumar og útfærir. Þetta er verkefni sem tók á sig ýmsar myndir og verður gaman að sýna.

Friðrik Vignir með Bach fyrir börnin

Börnin fá líka að njóta sín á hátíðinni en Bach fyrir börnin er dagskrá sem Friðrik Vignir Stefánsson organisti heldur í kirkjunni þar sem hann reynir m.a. að slá eigið hraðamet með því að spila 663 nótur í fúgu eftir Bach á innan við mínútu. Ungmennaráðið ætla að standa fyrir Popp Quiz á Eiðistorgi og þar verður fleira skemmtilegt um að vera. Umræður um unglingsbækur verða í unglingsdeild Bókasafnsins og Lúðrasveit tónlistarskólans heldur heiðurstónleika fyrir Helga Hrafn bæjarlistamann með völdum, þekktum einleikurum. Trimmklúbbur Seltjarnarness lætur sitt ekki eftir liggja og í samstarfi við menningarsviðið verður efnt til skemmtihlaups og afmæliskaffis á Eiðistorgi, en TKS fagnar 30 ára afmæli um þessar mundir. Seltjarnarkirkja verður með vandaða dagskrá þar sem blandast saman fræðsla, tónlist og fleira nýstárlegt. Þjóðminjasafn Íslands setur upp sýningu á ljósmyndum hinnar heimspekku Mary Ellen Mark, sem lést síðastliðð sumar. Systrasamlagið mun koma bæjarbúum skemmtilega á óvart og gítarleikarinn snjalli, Friðrik Karlsson slær botninn í hátíðina með hugleiðslu í samstarfi við Nýjaland. Það er von mín að allir finni eitthvað við sitt hæfi og ég hvet alla til að skoða dagskránnu vel þegar hún er komin út og taka helgina frá fyrir alla fjölskylduna," segir Soffía að lokum.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnust annars konar rúðuskripti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Mössun / snyrting á lakk

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón off. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði

Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir

Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Sigurður sýnir í Safnaðarheimilinu

Sigurður K. Árnason heldur málverkasýningu í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju í tilefni af 90 ára afmæli sínu. Sýningin verður opnuð 20. september kl. 14.00.

Sigurður er fæddur 25. september 1925 í Vestmannaeyjum. Hann lauk sveinsprófi í húsasmíði 1949. Stundaði myndlistarnám í Myndlistaskóla Reykjavíkur og síðar í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands. Sigurður var byggingarverk-taki á árunum 1963 til 1982 og hafði umsjón með listaverkum Landsbanka Íslands frá 1982 til 1995. Þess má til gaman geta að Sigurður sá meðal annars um að byggja Seltjarnarneskirkju og var ein af stofnendum Rótarýklúbbs Seltjarnarness.



Hjólreiðastígur við Norðurströnd

Á næstu dögum munu hefjast framkvæmdir við lagningu sérstaks hjólreiðastígs meðfram Norðurströnd á Seltjarnarnesi. Að sögn Gísla Hermannssonar sviðsstjóra umhverfissviðs Seltjarnarneshæjar verður ráðist í verkið um leið og veður leyfir en hvas sviðri undanfarna daga hefur tafið framkvæmdirnar.

Hjólreiðastígurinn mun liggja samhliða göngustíg sem fyrir er við Norðurströnd frá Gróttu og inn á Eiðið og tengjast þar hjólreiðastíg sem liggja á út að Ánanaustum. Með stígnum verður umferð hjólandi og gangandi fólks aðskilin til öryggis fyrir vegfarendur en með vaxandi notkun reiðhjóla geta skapast vandamál þegar hjólað er eftir göngustígum eins og komið hafa upp að undanfögnu.

Eplatré í Bakkagarði

Þetta blómlega eplatré er í Bakkagarði á Seltjarnarnesi.

Það var Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri bæjarins sem gerði tilraun með að setja það niður í vor. Á því sjást nú lítil eplakrili og verður spennandi að sjá hverju garðyrkjustjórinn tekur upp á að planta næst í þessum huggulega aldingarði Seltirninga.



NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Betra grenndar-gámakerfi

Þjónusta við grenndargáma á höfuðborgarsvæðinu er í útboði og er stefnt að því að nýtt og betra kerfi taki við í febrúar 2016. Breytingar verða á söfnunargámum frá 1. september og því mögulegar raskanir á þjónustu meðan verið er að skipta út gámum.


Nýtt grenndargámakerfi, sem tekur við í febrúar, byggir á stærri gámum og auknum flokkunarmöguleikum þar sem gámar fyrir glerumbúðir munu bætast við á hluta grenndarstöðvanna. Á stærstu grenndarstöðvunum verður því hægt að flokka pappír, plastumbúðir, glerumbúðir, fót og klæði, dósir og flöskur. Fatagámar eru á vegum Rauða kross Íslands og dósasöfnun er í höndum Skátanna, en þessir gámar eru ekki á öllum grenndarstöðvum.

Söfnun á glerumbúðum á grenndarstöðvum er liður í að auka endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu en SORPA stefnir að því að ná yfir 95% endurnýtingarhlutfalli úrgangs frá heimilum á svæðinu á næstu árum.



Ný verslun
Grandagarði 31
verio velkomin

Tímalaus hönnun - kynslóð eftir kynslóð



Kökunifur með norðurljósa munstri

Sultuskeið með íslenskum steini



Jens



Vatnajökull - skál

Viðtal við Ásgeir Brynjar Torfason

Hugsa ávallt um hugtökin heiman og heim

Nei - ég er ekki fæddur á Seltjarnarnesi en tel mig engu að síður einhvers konar Seltirning. Ég var um tveggja ára aldur þegar foreldrar mínir þau Margrét Jónsdóttir íþróttakennari, sem var með og stofnaði Trimmklúbb Seltjarnarness og þjálfaði hann um árabil og Torfi H. Ágústsson skrifvélavirki fluttu vestur á Nes úr Breiðholtinu. Faðir minn átti rætur í Grjótaþorpinu og hugur þeirra stefndi til vesturs. Hann tók líka þátt í ýmsum málefnum á Nesinu. Hann sat meðal annars í sóknarnefnd um tíma og starfaði í byggingarnefnd Seltjarnarneskirkju. Þegar við komum á Nesið var nýbyrjað að byggja raðhúsin við Nesbala og við fluttum í aðra af fyrstu tveimur raðhúslengjunum sem þar voru byggðar. Ég átti síðan heima þar í 20 ár eða þar til ég stofnaði mitt eigið heimili 22 ára gamall. Foreldrar mínir fóru einnig af Nesinu aðeins seinna en af öðrum ástæðum. Þau fundu sér nýjan farveg og hófu að reka gistiheimili í Reykjavík.“ segir Ásgeir Brynjar Torfason hagfræðingur og heimspekingur sem spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

Fannst ég eiga tvö heimili

Ásgeir segir að margt hafi breyst á Seltjarnarnesi frá því hann var að alast upp. „Þá var enn búskapur á Nesinu og mátti víða sjá hesta á beit. Búskapurinn hvarf þó fljótlega eftir því sem byggðin teygði sig lengra út á Nesið. Ég var og er enn dálítill sveitamaður í mér þótt það sé ekki eingöngu vegna uppvaxtarins á Seltjarnarnesi. Ég var öll sumur bernskunnar í sveit í Borgarfirði



Ásgeir Brynjar Torfason heimspekingur og hagfræðingur.

þangað sem ég á ættir að rekja. Sem barni fannst mér ég alltaf eiga tvö heimili. Heimili foreldra minna á Seltjarnarnesi og í sveitinni í Borgarfirðinum. Það er sérstök tilfinning að finnast maður vera að koma heim á fleiri en einn stað og hún hefur fylgt mér inn í fullorðinsárin. Ég hef búið meira en tíu ár erlendis og er enn á nokkru flakki vegna starfa minna. Og þótt ég búi ekki lengur á Seltjarnarnesi þá finn ég enn þessa heimkomutilfinningu þegar ég kem á Nesið. Mágkona mín býr þar með fjölskyldu sinni og ég fer líka stundum í sund í Neslauginni – þó of sjaldan vegna þess að þá þarf maður að eiga tvö sundkort. Annað

í Vesturbæjarlaugina þangað sem ég kem oft og svo í Sundlaug Seltjarnarness. Þetta er klúður sem hlýst af því að um tvö sveitarfélög er að ræða. Mig langar því til að koma þeirri ábendingu á framfæri að sundlaugarnar eigi með sér samstarf við útgáfu á kortum því ég veit að fólk er að fara til skiptis á þessa staði.“

Íþrótaferlinum lauk fljótt

Ásgeir segir að þrátt fyrir einlægán íþrótaáhuga móður sinnar hafi hann aldrei verið mikill íþróttamaður. „Ég var bara að taka tímann fyrir hana í fyrstu Neshlaupunum og sjá um tölvuvinnsluna. Ég var alltaf meira

í tölvunni og svo á sveitadvöl mín eflaust einhvern þátt í að hugurinn leitaði annað en í íþróttirnar. Ég held að ég hafi æft handbolta í hálf ár með Gróttu og var einn vetur á skíðum með KR. Með því lauk íþróttafrekum æsku minnar. Ég byrjaði reyndar að skokka á fullorðinsárum, hef hlaupið maraþon í Osló og Gautaborg og nú síðast 90 kílómetra víðavangshlaup í Dölonum í Svíþjóð. Og svo hef tekið þátt í Neshlaupinu síðustu tvö ár.“

Get þakkað Guðna fyrir námsbrautina og konuna mína

Ásgeir labbaði yfir grasflötina upp á Valhúsahæðina og yfir í skólann. Fyrst í Mýró og síðan í Való þaðan sem hann lauk skólagöngu á Seltjarnarnesi. Leiðin lá þá eins og margra Seltirninga í MR. „Munurinn á mér og mörgum öðrum af Nesinu er þó sá að ég lauk ekki framhaldsskólanum í MR. Ég hafði álpast í máladeild sem ég hefði aldrei átt að gera því ég var alltaf betri í stærðfræðinni og hefði því frekar átt að velja þá leið. Því vildi svo til að ég féll í þýsku og latínu Guðna rektor til lítillar ánægju. Hann hafði nokkuð stór orð um þetta fram- mistöðuleysi mitt og sagði mér að snauta út með nokkrum velvöldum orðum – talsmála sem hann var frægur fyrir en rísta kannski ekki alltaf mjög djúpt. Ég tók þetta svo bókstaflega að ég steig aldrei inn fyrir dyr í MR eftir þetta en lauk framhaldsskólanáminu frá Menntaskólanum við Hamrahlöð. Ég man að ég hafði orð á endalokum mínum í MR við Örnólf Thorlacius sem þá var rektor MH. Lýsi því að Guðni hefði nefnt mig hálfvita og spurði Örnólfur þá hvort ég héldi að hann tæki við mönnum með slíka nafnbót. Líklega

18 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s. 690 3111



LIND
FASTEIGNASALA

hefur hann sagt þetta í gríni því hann tók mig inn um jólin og ég lauk stúdentsprófi frá skólanum. En hvað sem brotthvarfi mínu úr MR leið þá get ég þakkað Guðna fyrir tvennt – að ég lauk námi af braut þar sem ég átti betur heima og í Hamrahlíðinni kynntist ég konunni minni Steingerði Ólafsdóttur sem um tíma var blaðamaður á Morgunblaðinu en er nú lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Börnin okkar völdu svo sitt hvorn menntaskólann, sonur okkar er í MR og dóttir í MH.“

Bunkinn stækkaði en hverfið dróst saman

„Þetta var svona hefðbundin skólaganga hjá mér með vinnu,“ heldur Ásgeir áfram. „Ég fór snemma að fást við tölvur og var farinn að vinna við ýmis verkefni ungur að árum. Þá var ný gerð af Machintosh tölvum komin á markað litli plúsinn og í honum var hægt að setja blöð og blöðunga upp í prentform eða brjóta um eins og það er oft kallað. Ég braut skólablaðið í Való um veturna 1986 til 1988 og svo Nesfréttir í framhaldinu um nokkurra ára bil. Einn kosturinn við að búa í litlu bæjar- eða samfélagi er að geta fengið alvöru verkefni þótt maður sé bara 14 eða 16 ára

gamall.“ Svo var það sumarvinnan á menntaskólaárunum. „Þá voru komnir nýir vinnumenn í sveitina og 17 ára fór ég að vinna sem flokksstjóri í unglingavinnunni á Seltjarnarnesi og sá um sláttuhópinn á sumrin. Flutti sveitina aðeins með mér á Nesið. Ég sat nú samt ekki á traktornum því ég hjólaði alltaf á milli staða þar sem verið var að slá til þess að líta eftir og stjórna í krökkunum. Við slógum líka garða fyrir líffeyrisþega og tókum að okkur slátt fyrir einstaklinga þar fyrir utan. Þar komu nokkrir þjóðþekktir menn við sögu einkum á norðanverðu Nesinu. Annað sem ég fékkst við var að bera blöðin út. Ég bar Tímann, Alþýðublaðið og Þjóðviljann út og þá náði blaðburðarhverfið mitt yfir næstum allt Seltjarnarnes. Þó var ég bara með átta eða tíu blöð minnir mig. Þau höfðu ekki mikla útbreiðslu á Nesinu. Svo hækkaði ég í tign í blaðburðinum og fór að bera Moggann út. Við það stækkaði bunkinn í 80 blöð og svæðið minnkaði niður í eina götu.“

Pólitíkin er svona

Svo kom að því að verða fullorðinn, flytja að heiman og fara í Háskólann. „Það er rétt. Ég

hafði kynnst Steingerði í MH og við ákváðum að fara að búa. Hún var úr Hlíðunum og við settum fyrsta heimilið okkar saman þar. Ég velti aðeins fyrir mér hvað ég ætti að taka mér fyrir hendur. Tölvunarfræðin lá ef til vill beinast við vegna þess að ég hafði ungur – nánast sem barn farið að fást við tölvur. Mér fannst þó það ekki passa alveg nógu vel. Mig langaði til þess að fást við eitthvað annað og fór að læra heimspeki. Páll heitinn Skúlason prófessor og fyrrum rektor var þá forseti heimspekideildar og aðalkennari minn. Á milli okkar sköpuðust góð tengsl og vann ég til dæmis eitt sumar hjá honum á Siðfræðistofnun. Ég var hins vegar aldrei í löngu frí frá tölvunum. Um árabíl vann ég með fram námi hjá Johan Rönning sem var með umboð fyrir ABB alþjóðlegt fyrirtæki á sviði rafmagnsverkfræði. Þá voru stóriðjumálin að fara í fullan gang; stækkun í Straumsvík og fyrsti áfangi nýs álvers á Grundartanga. Vegna þess að ég var tölvugaur næstum frá bernsku hafði mér verið falið að sjá um útgáfu- og kynningarmál fyrir fyrirtækið. En svo lenti maður í því að hjálpa til í stóru verkefnunum – viðskiptavinum á borð við stóriðjufyrirtækin og inn

í þetta komu alls kyns reddingar. Einhverju sinni var ég að aðstoða við að sækja um atvinnuleyfi fyrir um 300 Rúmena sem voru tilbúnir að koma hingað til starfa sem málmíðnaðarmenn við að setja upp hreinsibúnað. Stéttarfélögum hér leist hins vegar ekkert á þetta og héldu því fram að hér vantaði enga erlenda málmíðnaðarmenn. Til að sanna þetta mál var flestum málmíðnaðarmönnum landsins smalað saman og stjórnvöld heimiluðu ekki komu Rúmenanna að sögn til þess að vernda störf málmíðnaðarmanna. En pólitíkin er víst svona.“

Bólur rísa og hníga

Ásgeir kveðst hafa kynnst ýmsu í alþjóðlegum viðskiptum í störfum sínum hjá Rönning. Þessi starfsreynsla varð til þess að vekja áhuga hans á MBA námi og að ná sér í alþjóðlega viðskiptagráðu. „Við Steingerður byrjuðum að eignast börn undir lok námsins í Háskólanum, og því bætti ég sennilega hagfræðinni við sem aukagrein með heimspekinni. Þá var hins vegar ekki farið að kenna MBA námið hér á landi og þegar hér var komið sögu fórum við til Noregs í



ORÐ ERU TIL ALLS FYRST!



ÞÍN AÐ EILÍFU!

MANDUKA er vörumerkið sem jógarnir velja. Taj Mahal jógadýnanna. Alls 6 tegundir og fylgihlutir.

UPPBYGGJANDI FÆÐI!

Þeytingar, kaffi, skot, samlokur, grautar, súpur ofl. Allskonar hollari valkostir. Fæða fyrir þá sem vilja nærast inn að beini.

NÝTT Í SYSTRASAMLAGINU!

– MERGJUÐ MÖNTRUBÖND!

Orð eru til alls fyrst.



**VIRIDIAN –
20% afsláttur
til 3. okt.**

Vítamín og bætiefni sem hafa sett nýjan gæðastaðal. Hrein. Án auka- og fylliefna. Vegan og virka.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

framhaldsnám. Við vorum þar í eitt ár og ég lauk náminu. Kennslan í Osló var öll á ensku sem kom sér ágætlega fyrir mig sem hafði ekki staðið mig sérstaklega vel á málabrautinni í MR. Þetta var í byrjun aldarinnar og fyrri bólan var sprungin. Á þessum tíma var verið að segja fólki upp störfum í stórum stíl í Skandinavíu og þarna má segja að ég hafi kynnst alvöru bóluhagfræðinnar. Ég lærði mikið um bólur og náði að skilja betur hvernig ris þeirra og hnig urðu og verða að veruleika.“

Útlönd kölluðu á ný

Ásgeir segir að á Noregstímanum hafi tilfinningin um að eiga heima á tveimur stöðum fengið nýja merkingu. Að þessu sinni í tengslum við Noreg og Ísland eða Osló og Reykjavík. Það leið heldur ekki á löngu þar til hann fór að huga að utanför að nýju. „Mig fór að langa aftur út. Ég held að til þess að virkilega verða alþjóðlegur þurfi maður af flytja tvisvar burt af landinu og ég ákvað að velja þá leið. „Þegar við komum heim frá Noregi var minn gamli kennari Páll Skúlason orðinn rektor og ég fékk vinnu fyrst á rektorsskrifstofunni í Háskólanum og svo sem skrifstofustjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs. Þá voru ýmsar stórar framkvæmdir í gangi við Háskólann. Verið var að ljúka við byggingu Öskju og undirbúa Vísindagarðana og byggingu Háskólatorgsins. Ég vann mikið með Páli og Ingjaldi heitnum Hannibalssyni prófessor að þessum málum. Þetta voru mjög ánægjulegir tímar en útlönd kölluðu á ný. Við fórum aftur utan 2004 en ég var enn að vinna að hluta við að ljúka uppgjöri vegna Öskju fyrstu mánuðina úti en einnig að reyna að komast í doktorsnám í Gautaborg. Það var vandkvæðum

bundið vegna fjármögnunar og ég sótti í staðinn um nokkur norræn störf í millitíðinni. Ég fékk þá um vorið vinnu sem svæðisstjóri Norðurlandanna hjá alþjóðlegum fjárfestingarsjóði. Yfirmaður sjóðsins í Evrópu var Hollendingur og hann tók áhættuna af því að ráða ungan íslenskan heimspeking og fyrrverandi tölvunörd með MBA próf sem var þar að auki innflytjandi fremur en reyndan sænskan lögfræðing sem féll alveg að starfslýsingunni. Ég starfaði síðan hjá sjóðnum til vorsins 2008 en Norðurlöndin öll voru vinnusvæði mitt að Íslandi undanskildu. Það hjálpaði mér líka á þessum tíma að ég tengdist engum íslenskum fjárfestum. Ég þurfti stundum að taka það skýrt og skorinort fram í upphafi funda til að öðlast trúverðuleika fjárfesta að vera alls ótengdur íslenskum fjárfestingum vegna þess að þarna töldu reyndir menn Íslendinga vera að gera mjög sérkennilega hluti á fasteignamarkaði. Á þessum þremur árum bar ég ábyrgð á byggingu á 200 þúsund fermetrum af atvinnuhúsnæði. Einkum í Svíþjóð en einnig í Noregi og Danmörku - fjárfestingum fyrir um 25 milljarða króna í nýbyggingum, þetta var mikil reynsla og maður lærði mikið og hratt.“

Seðlabankarnir björguðu fjármálakerfi heimsins

„Námið varð því aðeins að bíða en snemma árs 2008 hafði ég aftur samband við prófessorinn minn í háskólanum í Gautaborg um hvort ég kæmist ekki aftur í doktorsnámið. Ég fann að ég skildi ekki alveg hvað var að gerast og yrði að víða að mér meiri þekkingu á þessu sviði. Upphaflega hafði ég hugsað mér að skrifa doktorsritgerð um verðmæti fasteigna

þar sem ég gæti að hluta byggt á starfsreynslu minni. En tveimur vikum eftir að ég hóf doktorsnámið í september 2008 hrundi fjármálakerfi heimsins. Ég hóf engu að síður rannsóknir og vinnu við að skrifa ritgerð um langtíma fjárfestingar og verðmat fasteigna. En tveimur árum síðar skipti ég um ritgerðarefni og hóf að rannsaka sérstaklega bankastarfsemi. Eftir allt sem hafði gengið á í banka- og fjármálakerfinu fannst mér að einhver yrði að taka sér þetta verk fyrir hendur að rannsaka bókhald í bönkum. Þessi forvitni tengist heimspekináminu líka að einhverju leyti. Að vilja sjá hvernig hlutirnir virka.“ Ásgeir kveðst þó eingöngu hafa skrifað um skandinavísku bankana en látið þá íslensku eiga sig í bili. Ritgerð hans ber heitið „Sjóðsstreymi banka og flæði peninga“. Eftir heimkomuna og doktorsvörninna á síðasta ári hóf Ásgeir að kenna við Háskóla Íslands og tók í framhaldi af því við stöðu lektors í fjármálum og reikningshaldi við viðskiptafræðideild. „Ég er í hlutastarfi við Háskólann í dag vegna þess að ég fékk fyrr á þessu ári þriggja ára rannsóknarstyrk frá Svíþjóð til þess að halda bankarannsóknunum áfram. Ég tel mikilvægt fyrir mig að halda þessu starfi áfram og vera þannig tengdur bæði hér heima á Íslandi og í Svíþjóð en einnig hinu alþjóðlega rannsóknarumhverfi. Ég hef líka verið að kynna doktorsritgerðina mína víða erlendis. Áherslan núna er bæði á að rannsaka viðskiptabanka og Seðlabanka,“ heldur Ásgeir áfram. Þegar maður fer að skoða banka og flæði peninga beinast rannsóknirnar fljótt að seðlabönkum og kemur í ljós að þeir eru trúlega einar mikilvægustu stofnanir samfélagsins nú um stundir. Eftir alþjóðlega fjármálahrundið

2008 voru það seðlabankar víða um heim sem raunverulega björguðu fjármálakerfi heimsins.“

Verð áfram að fást við hugtökin „heiman og heim“

Talið barst að lokum að Íslandi dagsins í dag. Hvað hefur breyst. Á hvað leið eru bankamálin. Er önnur bóla í uppsiglingu eins og stundum er farið að halda fram? Ásgeir segist enn vera eins og hálfgerður innflytjandi, nú á Íslandi. Búinn að vera svo lengi í burtu. „Ég er búinn að vera hér heima í tvö ár og hef verið að reyna að setja mig inn í þessi mál. Það hefur margt gerst hér á landi á undanförunum árum og margt breyst. Ef til vill er það grunnurinn úr heimspekinni hjá mér sem kallar eftir að skilja málin til hlítar. Ekki taka neina skoðun eða kenningu sem sjálfgefna og reyna að greina á milli orsaka og afleiðinga, skoðana og staðreynda. Mér finnst ég enn vera svolítið villuráfandi í þessum efnum hérlendis, enda fylgist ég satt að segja mun meira með hinu alþjóðlega kerfi. Það er ákveðinn hraði að færast hér í efnahagsmálin en hversu mikill hann kann að verða er óvíst enn sem komið er, og hvort hann er sjálfbær er svo stóra spurningin. Eitt af því sem ég sé er vaxtarstig. Hve því er haldið háu miðað við nágrannalöndin er visst áhyggjuefni. Mér finnst það ekki vita á gott. En eitt af nýju verkefnum mínu er að fylgjast betur með þróuninni hér heima og bera saman við nágrannalöndin. Ég verð því áfram að fást við hugtökin heiman og heim. Líka í hagfræðinni og rannsóknunum mínum á alþjóðlegri bankastarfsemi. Mér finnst ég eiga heima bæði hér og í Evrópu. Rétt eins og þegar ég hjóla Neshringinn. Þá finnst mér ég vera kominn heim.“

Gróður á Seltjarnarnesi

Lóðareigendur á Seltjarnarnesi sem eiga gróður að gangstéttum og göngustígum, vinsamlega klippið eða sjáið til þess að klipptur verði gróður við lóðarmörk, svo bæjarbúar geti gengið hjá án hindrunar og hættu.



Með vinsemd
Jón Ingvar Jónasson, bæjarverkstjóri

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmjón.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Verðlaun afhent fyrir sumarlestur



Vinningshafi í Bókaverðlaunum barnanna Harri, sem líka heldur á verðlaunum Patricíu og verðlaunahafar Sumarlesturs þær Ísold og Hólmfríður eru hér ásamt Sigríði Gunnarsdóttur barnabókaverði og Aðalsteini Ásbergi rithöfund og tónlistarmanni.

Þátttakendur í Sumarlestri Bókasafns Seltjarnarness létu sér ekki muna um að lesa 112 bækur eða 10.528 blaðsíður í sumar. Þátttakendur voru 70 talsins og í lok átaksins var haldin uppskeruhátíð þar sem börnin voru verðlaunuð fyrir góðan árangur. Afhending verðlauna fyrir þátttöku og árangur í Sumarlestri fór fram í Bókasafns Seltjarnarness og Bókaverðlaunum barnanna fór fram á Bókasafnsdeginum, þriðjudeginum 8. september.

Við sama tækifæri voru afhent verðlaun í samstarfsverkefni Bókasafns og Grunnskóla Seltjarnarness, Bókaverðlaunum barnanna, en þar velja lesendur á aldrinum 6 til 12 ára bækur sem þeim finnast skemmtilegastar. Verðlaunahafar í sumarlesturinum voru þær Hólmfríður Erla Ingadóttir og Ísold Anna Hjartardóttir og vinningshafar í Bókaverðlaunum barnanna voru þau Harri Hreinsson og Patricía Dúa Thompson. Gestur Uppskeruhátíðarinnar var rithöfundurinn og tónlistarmaðurinn Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson sem skemmti börnum og fullorðnum með tali og tónum.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:

511 1188 &
895 8298

www.borgarblod.is

Tilbúinn að taka á móti flóttafólki

Seltjarnarnesbær er tilbúinn að taka á móti flóttafólki. Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur lýst áhuga á því og falið bæjarstjóra, Ásgerði Halldórsdóttur, að ræða við starfsmann flóttamannanefndar um framkvæmd mála.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi miðvikudaginn 9. september að leggja fram aðstoð við að taka á móti flóttafólki sem nú dvelur m.a. í flóttamannabúðum í ýmsum löndum Evrópu eftir að hafa flúið stríðsátök og hörmungar í löndum sínum, ekki síst Sírylandi, og felur bæjarstjóra að tilkynna velferðarráðuneytinu þennan vilja sinn. Bæjarstjórn



hefur falið bæjarráði að leggja mat á möguleika og úrræði bæjarins í þessu skyni, ásamt því að móta tillögur um hvernig best sé að virkja og samhæfa mögulegan vilja og áhuga bæjarbúa til þess að leggja málinu lið og leggja fyrir bæjarstjórn ekki síðar en um miðjan október næstkomandi.



BREYTINGAR Á GRENNDARGÁMUM

– nýtt og betra kerfi í febrúar 2016.

Tímabundnar breytingar verða á söfnunargámum frá september – febrúar 2016 og því mögulegar raskanir á þjónustu.

Nýtt grenndargámakerfi byggir á stærri gámum og auknum flokkunar- möguleikum þar sem gámar fyrir glerumbúðir munu bætast við á hluta grenndarstöðvanna.

Minum á endurvinnslustöðvar SORPU.



facebook.com/flokkumogskilum



FÉLAGSSTARF ELÐRI BÆJARBÚA Á SELTJARNARNESI

Fjölmenni mætti á kynningarfundinn og vöflukaffið í Félagsheimilinu fimmtudaginn 20. ágúst þar sem farið var yfir helstu dagskrárliði í félagsstarfinu fram til áramóta. Skráning var góð á námskeiðin í leir, gleri og bókbandi sem þegar eru hafin. Einnig var góð skráning á aðra viðburði.

Fleiri karlar bættust í timburmennina og aukinn áhuginn er á karlakaffinu í kirkjunni og í lomberinn sem spilaður er fyrsta þriðjudaga í mánuði. Stór hópur skráði sig sem áhugafólk fyrir aukinni hreyfingu og þá í samvinnu við World Class. Þeir hjá World Class tóku vel í að gera þessa hugmynd að veruleika og eru nú að vinna í því. Um leið og niðurstöður fást auglýsum við hvað í boði verður. Nú er í fullum undirbúningi stofnun Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi og öldungaráðs. Það er mikið hagsmunamál fyrir alla að vel takist til við stofnun þessara hópa. Fyrsta „óvissuferðin“ okkar var farin fimmtudaginn 27. ágúst. Friðheimar í Biskupstungum var fyrsti áfangastaður en þar borðuðum við og fengum frásögn um stofnun, sögu og starfsemi Friðheima.

Síðan var keyrt að fossinum Faxa eða Veiðileysufossi við Tungnarétt.

Næst var haldið í Úthlíðarkirkju og þar tók á móti okkur Björn Sigurðsson staðarhaldari sem sagði okkur frá sögu og tilurð kirkjunnar. Síðasti áfangastaður þessarar ferðar var sumarhús Ernu Kristinsdóttur í Efstadal. Hópurinn sem taldi tæplega 50 manns lét fara vel um sig í húsakynnum og á veröndinni í fallegu umhverfi og þáði höfðinglegar veitingar. Góður rómur var gerður að ferðinni og ekki spillti veðrið fyrir.

Önnur „óvissuferð“ var svo farin þriðjudaginn 1. september og þá leituðum við ekki út fyrir okkar eigið bæjarfélag. Ferðin lá út í Gróttu. Gæta þurfti flóðs og fjöru og margir nutu þess að ganga yfir í sandinum á fjörunni á meðan aðrir keyrðu að kantinum við uppgönguna. Ásgerður bæjarstjóri og Agnar Erlingsson fræddu fólk um söguna og ýmislegt fleira sem tengist Gróttu. Veðrið var eins og best verður á kosið, hlýtt, stafalogn og spegilsléttur sjór.

Næstu dagar og vikur verða með hefðbundnu sniði. Námskeiðin í fullum gangi, spiladagar og bingódagur framundan og nú stendur yfir skráning á haustfagnaðinn sem haldinn verður í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 24. september en þá ætlum við að eiga saman góða kvöldstund, borða góðan mat, syngja og dansa og bara njóta þess að vera saman. varðandi þessi mál í næsta Skráning og allar upplýsingar um starfið er að finna á Skólabraut og hjá Kristínu í síma 8939800.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

UMHVERFISHORNID

URTAGARÐUR Í NESI

Urtagarðurinn var opnaður árið 2010 í minningu þriggja manna sem tengdu saman ræktun og heilsubót í lífi og starfi. Þá voru liðin 250 ár frá skipun Bjarna Pálssonar í embætti landlæknis árið 1760 og 125 ár frá stofnun Garðyrkjufélags Íslands árið 1885. Fyrsti formaður þess var Hans Georg Schierbeck, þáverandi landlæknir. Björn Jónsson lyfsali var sá þriðji, en hann annaðist nytja- og lækningajurtagarð í Nesi frá árinu 1768.

Allir höfðu þeir frumkvæði að nýtingu og ræktun nytjajurta, hver á sinn hátt. Bjarni Pálsson landlæknir (1719-1779) hvatti ráðmenn til að rækta kál og kartöflur handa sjúklingum sínum. Skyldi gefa sjúklingum kál og ferskar jurtir úr íslenskri náttúru minnst tvisvar í viku (fjallagrös, skarfakál, hrafnaklukkur, njólablöd og Ólafssúrur). Björn Jónsson (1738-1798) kynntist lækningajurtagörðum við apótek, á námstíma sínum í Danmörku. Við suðurgafll Nesstofu útbjó hann stóran jurtagarð með hlöðnu torfgerði í kring og nýttist hann vel til ræktunar. Auk lækningajurta, ræktaði Björn matjurtir, reyndi kornrækt og var einna fyrstur til að reyna trjárækt hér á landi. Hans Georg Schierbeck (1847-1911) sameinaði læknisstarfið og garðyrkjuáhugann með því að hafa forgöngu um eflingu og útbreiðslu garðyrkju og ræktun matjurtar, almennings til heilsubóta. Ekki var vanþörf á, enda margir Íslendingar vannærðir vegna einhæfs mataræðis og þjakaðir af hörgulsjúkdómum. Með stofnun Garðyrkjufélags Íslands var hafin skipulögð almenningsfræðsla um garðyrkju og útveguð aðföng til ræktunar. Schierbeck hafði lagt stund á garðyrkjuna í Danmörku og nýttist það vel við fjölbreyttar tilraunir á ræktun korns, matjurtar og ýmis konar skrautjurtar, runna og garðtrjáa. Elsta innflutta garðtré á Íslandi sem enn lifir er silfurreynir í Fógetagarðinum við Aðalstræti í Reykjavík en það gróðursetti Schierbeck 1884.

Urtagarðurinn er samvinnuverkefni Seltjarnarnessbæjar, Garðyrkjufélags Íslands, Læknafélags Íslands, Lyfjafraeðingafélags Íslands, Lyfjafraeðisafns og Lækningaminjasafns Íslands og Landlækniseimbættisins.

Urtagarðurinn er staðsettur á safnasvæði Seltirninga við Nesstofu, vestast á Seltjarnarnesi. Skipuð hefur verið sérstök stjórn um Urtagarðinn og er stefnt að því að garðurinn verði vettvangur fræðslu um nýtingu urta til lækninga, næringar og heilsubóta fyrr á tímum og í dag. Til stendur að bæta við Urtagarðinn ávaxta og berjagarði enda stórvaxandi áhugi á ávaxta- og berjarækt í landinu.

Nýlega var þáttur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, sem segir frá garðinum. Í þættinum er rætt við Lilju Sigrúnu Jónsdóttur lækni, en hún er m.a. formaður stjórnar Urtagarðsins í Nesi. Hlekkurinn til að sjá þennan þátt er hér að neðan.

<http://www.hringbraut.is/sjonvarp/thaettir/matjurtir/heimsokn-til-kvenna-sem-hafa-raektad-gardinn-sinn/>

Ýmsar heimildir.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22


13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin




Fanney Hauksdóttir Evrópumeistari í bekkpressu

Fanney Hauksdóttir úr Gróttu varð Evrópumeistari í bekkpressu í - 63 kg. opnum flokki (flokki fullorðinna) á Evrópumótinu í bekkpressu sem fram fór í Tékklandi í ágúst sl.

Fanney, sem er ríkjandi heimsmeistari unglinga og heimsmethafi keppti nú á sínu fyrsta móti í flokki fullorðinna en lét það ekki á sig fá og sigraði með því að lyfta 147,5 kg. sem er jafnframt nýtt heimsmet unglinga. Fyrir átti hún heimsmetið, 145,5, kg. Fanney byrjaði með örugga lyftu, 142,5 kg. Hún reyndi síðan við 147,5 kg. í annarri lyftu en rétt missti hana. Í þriðju og síðustu lyftu flaug stöngin örugglega upp og nýtt heimsmet og Evrópumeistaratitill í höfn.

Þessi árangur hennar er einkar glæsilegur og sýnir og sannar



Fanney ásamt þjálfara sínum, Ingimundi Björgvinnssyni.

að Fanney er án efa meðal bestu bekkpressara í heiminum í dag.

Góður endir hjá 3. flokki

Strákarnir í 3. flokki byrjuðu tímabilið hægt og voru aðeins með 3 stig eftir fyrstu 5 leiki sumarsins.

Þann 17. júlí hófst svo glæsilegur seinni hluti mótsins með 1-0 sigri á Leikni/ÍR í Breiðholtinu og í kjölfarið fylgdu tveir stórsigur á BÍ/Bolungarvík, sigur á KF/Dalvík og loks jafntefli við Leikni/ÍR. Flottur endaspættur hjá strákunum sem skoruðu 28 mörk í síðustu 5 leikjunum. Með betri byrjun hefðu þeir vafalaust verið í harðri baráttu um að komast í umspilsleiki um sæti í úrslitum Íslandsmótsins.



Gróttustelpur með bikarinn eftir sigur á Val 27:19.

Gróttustelpur meistari meistaranna

Fjórdi bikarinn er kominn til handknattleikslíðs kvenna í Gróttu því liðið hóf keppnistímabilið á því að bæta fjórða bikarinn á þessu ári í safn sitt.

Gróttu varð bæði Íslands-, bikar- og deildarmeistari í fyrravetur og sigraði í gærkvöld Val, 27:19, í Meistarakeppni HSÍ á heimavelli sínum á Seltjarnarnesi. Staðan í hálfleik var 15:10, Gróttu í hag. Laufey Ásta Guðmundsdóttir skoraði 7 mörk fyrir Gróttu, Sunna María Einarsdóttir 5 og Unnur Ómarsdóttir 5. Morgan McDonald skoraði 4 mörk fyrir Val, Íris Ásta Pétursdóttir Viborg 3 og Kristín Guðmundsdóttir 3 mörk.

Tap í fyrsta leik

Gróttu tapaði gegn Aftureldingu, 24:21, í Mosfellsbæ í fyrsta leik liðanna í Olís-deild karla í handknattleik. Mosfellingar voru með fjögurra marka forskot í hálfleik, 12:8, og náðu mest sex marka forystu í síðari hálfleik.

Gróttu tókst að minnka muninn í þrjú mörk þegar um tíu mínútur voru eftir. Þá jók Afturelding muninn á ný en missti forskotið niður í þrjú mörk áður en flautað var til leiksloka.

Afturelding hafði yfirhöndina frá upphafi til enda. Talsverður skrekur virtist í nýliðunum lengi vel leiks auk þess sem þeim gekk illa gegn

öngsterkri vörn Mosfellinga.

Gróttumenn bitu frá sér þegar á leið síðari hálfleik en það dugði þeim ekki. Ljóst má vera að Gróttumenn verða mörgum liðum skeinu-hættu á keppnistímabilinu þegar mesti nýliðaskrekurinn verður úr leikmönnum liðsins.

Markahæstir í Gróttuliðinu voru Finnur Ingi Stefánsson með 7 mörk, Viggó Kristjánsson með 5 mörk, Daði Laxdal Gautason með 3 mörk og Guðni Ingvarsson með 3 mörk.

Næstu leikir Gróttu eru:

17. sep. kl. 19.30 Víkingur - Gróttu.
25. sep. kl. 18.00 Gróttu - ÍBV.



GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudaga
10:00 til 15:00.

Ljóðabók Guðrúnar endurprentuð

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness hefur látið endurprenta ljóðabókina Tilfinningar með ljóðum eftir Guðrúnu Jóhannsdóttur. Klúbburinn hefur haft bókina til sölu til að fjármagna stórt verkefni sem hann hefur sinnt í mörg ár en það eru einhverf börn.

Soroptimistaklúbburinn hefur notað andvirði bókarölu fram til þessa til að fjármagna námskeið fyrir foreldra einhverfra barna til að aðstoða þá við að fóta sig í tilverunni með einhverft barn. Fjölmargir foreldrar hafa notið góðs af námskeiðunum. Nú stendur til að byggja heimili fyrir einhverf börn á Seltjarnarnesinu og ætlum við að leggja okkar af mörkum til að það geti orðið að veruleika. Því tókum við þá ákvörðun að endurprenta ljóðabókina. Hún inniheldur falleg ljóð sem henta við hin margvíslegustu tækifæri. Bókin er kaflaskipti og auðvelt að fletta upp í henni. Hún hentar mjög vel sem gjöf við hin ýmsu tækifæri, bæði við gleðileg tilefni og eins við kveðjustundir.

Klúbbsystur eru með bókina til sölu og geta þeir sem hafa áhuga á að eignast eintak haft samband við okkur í Seltjarnarnesklúbbnum: carlaj@simnet.is eða sigrun@egilsson.is. Bókin kostar þrjú þúsund krónur.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Selkórinn vill fá ÞIG í hópin!

Selkórinn á Seltjarnarnesi leitar að nýjum röddum, einkum karlaröddum til að styrkja hópin í vetur.

Kórinn er nýkominn úr vel heppnaðri söngferð frá Skotlandi og í vetur eru spennandi verkefni framundan.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Önnu Karlsdóttur formann á tölvupóstfangið annaka@xnet.is eða senda skilaboð í gegnum facebooksiðu kórsins.



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Aron Dagur Pálsson leikmaður meistaraflokks Gróttu í handbolta. Aron leikur einnig með U19 landsliði Íslands í handbolta sem lenti í 3. sæti á heimsmeistarmótinu sem fór fram í Rússlandi í síðasta mánuði.

Fullt nafn? Aron Dagur Pálsson.

Fæðingard. og ár? 18. október 1996.

Starf? Nemi í Fjölbautaskólanum í Garðabæ.

Farartæki? Volkswagen Polo vel merktur Mikluborg.

Helstu kostir? Ætli ég verði ekki að leyfa öðrum að dæma um það.

Eftirlætis matur? Kálfasnitzel hjá ömmu er fáránlega gott.

Eftirlætis tónlist? Nýja platan hjá Úlf Úlf er búin að vera í miklu upphaldi undanfarið.

Eftirlætis íþróttamaður? Mikkel Hansen og Conor Mcgregor eru þvilíkir töffarar.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Horfi nú ekki mikið á sjónvarp en hef náð að fylgja Suits alveg eftir.

Besta bók sem þú hefur lesið? Verð nú að viðurkenna að ég les ekki mikið mér til skemmtunar svo ætli síðasta bók sé ekki úr grunnskóla.

Uppáhalds leikari? Leonardo Dicaprio fær þann heiður.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Rocky myndirnar kveikja alltaf vel í manni.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Æfi handbolta með Gróttu og geri eitthvað missniðugt með fjölskyldu og vinum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Batahöfnin í Alcudia á Mallorca.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Húmor og hreinskilni.

Hvern vildir þú helst hitta? Grunar að sögum frá Robbie Williams



væru geggjaðar og svo gæti hann kennt manni ýmislegt.

Uppáhalds vefsíða? Twitter og grottsport þvilík síða sem það er orðin.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Nýja rakspiran hjá Ronaldo örugglega geggjuð lykt.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Fara í 2 vikna utanlandsferð, fyrri vikan væri með fjölskyldunni á bakkanum seinni vikan væri með vinum að gera eitthvað allt annað.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Velja Gunnar Hrafn litla bróðir minn sem næsta Seltirningur mánaðarins hann segist vera með bestu svörin við öllum þessum spurningum.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Frægd og frama.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Sumarfríð fór að mestu leyti fram erlendis, en ég fór í 3 ferðir með u19 landsliðinu byrjuðum á að fara til Qatar í viku og spiluðum nokkra æfingaleiki sem var virkilega áhugavert fórum svo til Svíþjóðar og unnum úrslitaleikinn þar fyrir framan 7000 manns meðal annars Gróttu krakkana á Partille Cup og enduðum sumaríð á að ná bronzi á HM í Rússlandi.

Þess á milli þökulagði ég hálf tón með bæjarvinnunni og hafði það rólegt með fjölskyldunni.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



göðgæti frá Jóa Fel

Kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Bakarið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Gardabær & Hringbraut